

FJÓRTÁNDA TILSKIPUN RÁÐSINS 92/8/EBE

frá 18. febrúar 1992

um aðlögun að tækniframförum á III., IV., VI og VII. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/184/EBE ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga ætti að leyfa notkun litarefna, rotvarnarefna, og útfjólublárra geislasíuefna, sem voru leyfð til 31. desember 1991 í snyrtivörur í sex mánuði til viðbótar.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem sér um að breyta, í samræmi við tækniframfarir, tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 76/768/EBE:

- Í 2. hluta III. viðauka í dálkinum „Gildistími til“ komi „30. júní 1992“ í stað dagsetningarinnar „31. desember 1991“ fyrir eftirtalið efni:

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 169.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 91, 12. 4. 1991, bls. 59.

- 1,1,1-tríklóretan (metýlklóróform);
- Í 2. hluta IV. viðauka í dálkinum „Gildistími til“ komi „30. júní 1992“ í stað dagsetningarinnar „31. desember 1991“ fyrir eftirtalin númer og heiti: 26 100, 73 900, 74 189, *Solvent yellow* 98 og 15 585;
- Í 2. hluta VI. viðauka í dálkinum „Gildistími til“ komi „30. júní 1992“ í stað dagsetningarinnar „31. desember 1991“ fyrir eftirtalin efni:
 - Klórphenesín (INN-alþjóðlegt samheiti)
 - Bensetóníumklóríð (INN-alþjóðlegt samheiti) (+)
 - Bensalkóníumklóríð (INN-alþjóðlegt samheiti),brómíð og sakkaránat (+)
 - Hexamídín (INN-alþjóðlegt samheiti) og sölt þess (þar með talið ísetíónat og 4-hýdroxýbensóat) (+)
 - Bensýlhemiformal (a 1 : 1 blanda af bensýloxýmetanóli og (bensýloxýmetoxý) metanóli).
 - Glútaldehyð
 - 3-dekýloxý-2-hýdroxý-1-amínó própan-hýdróklóríð (dekómínól) (INN-alþjóðlegt samheiti);
- Í 2. hluta VII. viðauka í dálkinum „Gildistími til“ komi „30. júní 1992“ í stað dagsetningarinnar „frá 31. desember 1991“ fyrir eftirtalin efni:
 - N-própoxylerað etýl-4-amínóbensóat (blönduð myndbrigði)
 - Etoxýlerað etýl-4-amínóbensóat
 - Glýseról 1-(4-amínóbensóat)
 - 2-etýlhexýl 4-dímetylámínóbensóat
 - 2-etýlhexýl salisýlat

12. Ísópentýl-4-metoxýsinnamat (blönduð myndbrigði)
13. 2-etylhexýl-4-metoxýsinnamat
16. 2-hýdroxý-4-metoxý-4'-metýlbensófenón (mexenón)
17. 2-hýdroxý-4-metoxýbensófenón-5 sulfónsýra og natríumsalt (súlísóbensón og súlísóbensónnatríum)
24. α -(2-oxóborn-3-ýliden)-tólúen-4-súlfónsýra og sölt hennar
25. 3-(4'-metýlbensýliden)-d-1-kamfór
26. 3-bensýliden kamfór
28. 4-ísóprópýl-díbensóýlmetan
29. 4-ísóprópýlbensýlsalísýlat
31. 1-(4-tert-bútylfenýl)-3-(4-metoxýfenýl)própan-1,3-díón
32. 2,4,6-tríanílnó-(p-karbó-2'-etylhexýl-1'-oxí)-1,3,5-tríasín.

2. gr.

1. Með fyrirvara um gildistíma leyfa sem um getur í 1. gr. skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að frá 1. júlí 1992, að því er varðar efnin sem um getur í 1. gr., geti hvorki framleiðendur né innflytjendur sem staðfestu hafa innan bandalagsins markaðssett vörur sem standast ekki kröfur þessarar tilskipunar.

2. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eftir 30. júní 1993 verði hvorki hægt að

selja né láta af hendi við neytendur vörurnar sem um getur í 1. gr. ef þær innihalda efnin sem um getur í 1. gr., nema þær standist kröfur þessarar tilskipunar.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1991. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um mál-efni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. febrúar 1992.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karel VAN MIERT

framkvæmdastjóri.